

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 811/2003  
um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002  
að því er varðar bann við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og  
sömu fisktegundina, urðun og brennslu aukaafurða úr dýrum  
og tiltekna bráðabirgðaráðstafanir.**

1. gr.

*Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 811/2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar bann við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu fisktegundina, urðun og brennslu aukaafurða úr dýrum og tiltekna bráðabirgðaráðstafanir.

2. gr.

*Fylgiskjal.*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

4. gr.

*Samþykki opinbers eftirlitsaðila.*

Þegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. kveður á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis skv. 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

5. gr.

*Eftirlit.*

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

6. gr.

*Fiskimjöl og lýsi.*

Verksmiðju, vinnslusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru til framleiðslu fiskimjöls og lýsis, má ekki nota til framleiðslu úr öðru hráefni en sjávarafurðum.

7. gr.

*Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrir en 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2010.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 811/2003**

frá 12. maí 2003

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar bann við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu fisktegundina, urðun og brennslu aukaafurða úr dýrum og tilteknar bráðabirgðaráðstafanir**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 808/2003<sup>(2)</sup>, einkum 22. gr. (2. mgr.), 24. gr. (6. mgr.) og 32. gr. (1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um bann við því að dýr séu fôðruð á unnu dýraprótni úr dýrum sömu tegundar. Veita má undanþágur í tengslum við fisk að höfðu samráði við viðkomandi vísindanefnd.
- 2) Vísindastýrninginn lagði fram álit 17. september 1999 um hættuna á útbreiðslu smitandi heilahrönnunar (TSE) í öðrum húsdýrum en jörturdýrum sem stafar af því að aukaafurðir úr dýrum eru endurunnar sem fôður. Hún lagði einnig fram annað álit 6. og 7. mars 2003 um hættuna á smitandi heilahrönnun þegar eldisfiskur er fôðraður á fiskmjöli úr villtum fiski og þegar fiskur er endurunninn. Vísindanefndin um heilbrigði og velferð dýra samþykkti á fundi sínum 26. febrúar 2003 álit um notkun aukaafurða úr fiski í lagareldi. Samkvæmt þessum vísindalegu álitum er hægt að draga úr hugsanlegri hættu, sem stafar af endurunnum fiski, með því að uppfylla tiltekin skilyrði.
- 3) Í samræmi við það skal veita undanþágu frá banninu við endurvinnslu á fiski þegar um er að ræða eina og sömu fisktegundina samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Til að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stefnt í hættu skal sú undanþága vera háð tilteknum skilyrðum.
- 4) Nauðsynlegt er að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir til að atvinnugreininni gefist nægur tími til að laga sig að nýju kröfunum.
- 5) Vísindastýrninginn lagði fram álit 16. og 17. janúar 2003 um öryggi þess að urða og brenna efni úr dýrum, sem gætu verið sýkt af smitandi heilahrönnun, með tilliti til smitandi heilahrönnunarsjúkdóma.

6) Til að hægt sé að taka tillit til þessa álits er nauðsynlegt að mæla fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar 6. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 um hvernig skuli urða og brenna aukaafurðir úr dýrum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Bráðabirgðaráðstafanir varðandi bann við endurvinnslu á fiski þegar um er að ræða eina og sömu fisktegund**

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 mega aðildarríkin halda áfram að beita gildandi stöðlum og reglum um fôðrun fisks til og með 31. desember, án þess að láta bannið, sem kveðið er á um í a-lið 1. liðar 22. gr. þess hluta þeirrar reglugerðar sem lítur að fiski, koma til framkvæmda.

*2. gr.***Undanþága frá banni við endurvinnslu á fiski þegar um er að ræða eina og sömu fisktegund**

1. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 er aðildarríkjum veitt undanþága að því er varðar fôðrun fisks með unnu dýraprótni úr heilum fiski eða hluta fisks af sömu tegund.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal þó ekki gilda um fôðrun eldisfisks með unnu dýraprótni úr eldisfiski sömu tegundar.

*3. gr.***Aukaafurðir úr villtum fiski**

Heimilt er að nota villtan fisk og aukaafurðir úr villtum fiski sem er veiddur á opnu hafi eða í vötnum:

- a) til framleiðslu á fiskafôðri og
- b) sem fiskafôður.

4. gr.

**Kröfur varðandi fóður fyrir eldisfisk**

Fiskur og aukaafurðir úr dýrum og afurðir sem fást úr þeim, ætlaðar sem fóður fyrir eldisfisk samkvæmt 2. gr., skulu uppfylla kröfumnar sem settar eru fram í I. viðauka.

5. gr.

**Eftirlitsráðstafanir**

Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með

- viðeigandi vinnslu og notkun fódurs sem inniheldur unnið dýraprótein úr heilum fiski eða hluta fisks af sömu tegund,
- dýrunum sem er gefið fódrið, sem um getur í a-lið, þ.m.t. strangt eftirlit með heilbrigðisástandi þessara dýra,
- því að farið sé að kröfunum í I. viðauka.

6. gr.

**Förgun aukaafurða úr dýrum ef sjúkdómur kemur upp**

1. Ef lögbært yfirvald synjar því að aukaafurðir úr dýrum séu fluttar til næstu brennslu- eða vinnslustöðvar, í samræmi við c-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, má lögbært yfirvald heimila að þessum afurðum sé fargað

- með því að brenna þær eða urða á athafnasvæðinu þar sem aukaafurðirnar úr dýrum eru upprunnar,
- á urðunarstað sem er samþykktur samkvæmt tilskipun 1999/31/EB eða
- sem úrgangi með því að brenna þær eða urða á stað, þar sem hættan sem af þeim stafar fyrir dýraheilbrigði og lýðheilsu er í lágmarki, að því tilskildu að staðurinn sé nógu skammt undan til að lögbært yfirvald geti komið í veg fyrir að hætta skapist fyrir dýraheilbrigði og lýðheilsu og fyrir umhverfið.

2. Við brennslu og urðun á stöðum, sem um getur í a- og c-lið 1. mgr., skal taka tillit til löggjafar og leiðbeininga Bandalagsins og aðildarríkjanna varðandi umhverfi og lýðheilsu.

3. Lögbært yfirvald skal hafa yfirumsjón með brennslu og urðun aukaafurða úr dýrum og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfunum í II. viðauka.

4. Í þessari reglugerð gildir skilgreiningin, sem sett er fram í A-lið II. viðauka, um „brennslu og urðun á staðnum“.

7. gr.

**Vöktun afskekkt svæða sem notuð eru til brennslu og urðunar aukaafurða úr dýrum**

Ef aukaafurðum úr dýrum, sem koma frá afskekktum svæðum, er fargað, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, skal lögbært yfirvald vakta reglulega svæðin, sem flokkuð eru sem afskekkt svæði, til að öruggt sé að kröfunum í II. viðauka við þessa reglugerð sé fullnægt.

8. gr.

**Brennsla og urðun býflugna og býræktarafurða**

Þegar um er að ræða býflugur og býræktarafurðir, sem falla undir g-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða, ef nauðsyn krefur, að þeim megi farga sem úrgangi með því að brenna þær eða urða á staðnum, að því tilskildu að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að brennsla og urðun býflugnanna og býræktarafurðanna skapi ekki hættu fyrir heilbrigði dýra eða lýðheilsu og umhverfið, að teknu tillit til löggjafar og leiðbeininga Bandalagsins og aðildarríkjanna varðandi umhverfi og lýðheilsu.

9. gr.

**Skráning upplýsinga**

Þegar um er að ræða brennslu og urðun, eins og kveðið er á um í 6., 7., og 8. gr., skal sá aðili sem ber ábyrgð á brennslu og urðun skrá

- magn, flokka og tegundir þeirra aukaafurða úr dýrum sem eru brennd eða urðuð,
- dag og stað brennslu og urðunar.

10. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2003.

Þó skulu ákvæði 2.5. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en frá og með 1. janúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

---

I. VIÐAUKI

**Kröfur um fódur og skrár um vinnslustöðvar og fódurframleiðslustöðvar, sem koma að vinnslu aukaafurða úr fiski og afurða úr þeim, ætlaðar sem fiskafóður**

A. *Kröfur um fisk og aukaafurðir úr dýrum sem ætlaðar eru sem fiskafóður*

Fiskur og aukaafurðir úr dýrum og afurðir úr þeim, ætlaðar sem fiskafóður, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:

- a) þær skal meðhöndla og vinna aðskilið frá efni sem ekki má nota í þessu skyni,
- b) þær skulu vera úr villtum fiski eða öðrum sjávardýrum sem ekki eru spendýr og sem veidd eru á opnu hafi eða í vötnum, til framleiðslu fiskimjöls, eða úr ferskum aukaafurðum úr villtum fiski sem unnar eru í stöðvum sem framleiða fiskafurðir til neyslu,
- c) þær skulu unnar í vinnslustöð, sem er samþykkt í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 eftir staðli sem tryggir örverufræðilega örugga vöru,
- d) þær skulu settar í umbúðir að lokinni meðhöndlun og fyrir dreifingu í pakkningar sem eru merktar á skýran og læsilegan hátt með heiti og heimilisfangi fódurframleiðslustöðvarinnar og áletruninni „hæft sem fiskafóður“.

B. *Skrár sem vinnslustöðvum og fódurframleiðslustöðvum, sem koma að vinnslu aukaafurða úr fiski og framleiðslu afurða sem fást úr þeim, ætlaðar sem fiskafóður, ber að halda*

Vinnslustöðvar og fódurframleiðslustöðvar skulu skrá eftirfarandi upplýsingar er varða aukaafurðirnar úr dýrum eða afurðir fengnar úr þeim:

- a) uppruna, magn og dag allra móttekinna sendinga með aukaafurðum úr dýrum eða með fiskimjöli,
  - b) daglegar skýrslur um magn fiskimjöls eða fódurs sem framleitt er og dreift.
-

## II. VIÐAUKI

**Framkvæmdarráðstafanir skv. 6. mgr. 24. gr. er varða undanþágu frá förgun aukaafurða úr dýrum**A. *Skilgreining*

Í þessari reglugerð merkir „brennsla og urðun á staðnum“ brennsla eða urðun á athafnasvæðinu þar sem aukaafurðirnar úr dýrum eru upprunnar eða, séu viðeigandi líföryggisráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma við flutning aukaafurða úr dýrum, á urðunarstað sem er samþykktur samkvæmt tilskipun 1999/31/EB eða á stað sem tryggir sem minnsta áhættu fyrir heilbrigði dýra og lýðheilsu og er innan vegalengdar sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að hafa samfellt eftirlit og hafa stjórn á hættunni á útbreiðslu, að teknu tillit til löggjafar og leiðbeininga Bandalagsins og aðildarríkjanna varðandi umhverfi og lýðheilsu.

B. *Förgun aukaafurða úr dýrum þegar sjúkdómur kemur upp*

1. Lögbært yfirvald skal hafa yfirumsjón með brennslu aukaafurða úr dýrum og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær séu brenndar:
  - a) á bálkesti sem reistur er á réttan hátt og þannig að aukaafurðirnar úr dýrum séu brenndar til ösku,
  - b) án þess að heilbrigði manna sé stofnað í hættu,
  - c) án þess að beitt sé aðferðum sem gætu skaðað umhverfið, að teknu tillit til löggjafar og leiðbeininga Bandalagsins og aðildarríkjanna varðandi umhverfi og lýðheilsu, til að fyrirbyggja, að svo miklu leyti sem það samrýmist forsendum um allsherjarreglu:
    - i. að vatni, loftslagi, jarðvegi, gróðri og dýrum stafi af því hætta,
    - ii. óþægindi vegna hávaða og ólyktar og
    - iii. óheppileg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi.
2. Lögbært yfirvald skal hafa yfirumsjón með urðun aukaafurða úr dýrum og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær séu urðaðar:
  - a) með þeim hætti að dýr, sem eru kjötætur, nái ekki til þeirra og
  - b) á:
    - i. urðunarstað sem er samþykktur samkvæmt tilskipun 1999/31/EB eða
    - ii. öðrum stað, án þess að heilbrigði manna sé stofnað í hættu.
3. Þegar urðun fer fram annars staðar en á samþykktum urðunarstað skal lögbært yfirvald gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aukaafurðirnar úr dýrum séu urðaðar án þess að beitt sé til þess aðferðum sem gætu skaðað umhverfið, að teknu tillit til löggjafar og leiðbeininga Bandalagsins og aðildarríkjanna varðandi umhverfi og lýðheilsu, til að fyrirbyggja, að svo miklu leyti sem það samrýmist forsendum um allsherjarreglu:
  - a) að vatni, loftslagi, jarðvegi, gróðri og dýrum stafi af því hætta,
  - b) óþægindi vegna hávaða og ólyktar og
  - c) óheppileg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi.
4. Ef flytja á aukaafurðirnar úr dýrum frá upprunalegu athafnasvæði skal lögbært yfirvald sjá til þess:
  - a) að aukaafurðir úr dýrum séu fluttar í öruggum, lekaþéttum gámum eða ökutækjum,
  - b) að lögbært yfirvald hafi yfirumsjón með fermingu og affermingu slíkra aukaafurða úr dýrum,
  - c) að hjól farartækisins séu sótthreinsuð með sótthreinsiefnum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þegar það fer frá upprunastaðnum,
  - d) að gámar og farartæki sem notuð eru til að flytja aukaafurðir úr dýrum, séu hreinsuð vandlega og sótthreinsuð með sótthreinsiefnum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eftir að aukaafurðirnar úr dýrum hafa verið affermdar og
  - e) að farartækin fái nægilega fylgd, séu lekaprófuð og með tvöföldu áklæði.

C. *Förgun aukaafurða úr dýrum á afskekktum svæðum*

Þegar aukaafurðum úr dýrum er fargað á afskekktum svæðum í samræmi við 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002:

- a) skal lögbært yfirvald vakta reglulega þau svæði sem flokkuð eru sem afskekkt til að tryggja að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með þeim svæðum og förgunaraðgerðum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 24. gr.,

- b) skal við brennslu og urðun taka tillit til löggjafar og leiðbeininga Bandalagsins og aðildarríkjanna varðandi umhverfi og lýðheilsu til að fyrirbyggja, að svo miklu leyti sem það samrýmist forsendum um allsherjarreglu:
- i. að vatni, loftslagi, jarðvegi, gróðri og dýrum stafi af því hætta,
  - ii. óþægindi vegna hávaða og ólyktar og
  - iii. óheppileg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi.

---

B-deild – Útgáfud. 19. febrúar 2010